



Menningarstefna

Reykjanesbær | 2020 - 2025



Menning er skapandi auðlind

Helsta leiðarljós menningarstarfs í Reykjanesbæ er að menning sé skapandi auðlind. Menning sem fær tækifæri til að vaxa og blómstra sem lifandi afl í samfélaginu. Menning sem byggir á fjölbreytni og **framsæknum** menningarstofnunum styrkir sjálfsvitund bæjarbúa, eflir bæjarbraginn, eykur vísýni og auðgar um leið mannlífið og efnahagslega framþróun Reykjanesbæjar.

Síðast en ekki síst ýtir öflug menning undir jákvæða ímynd bæjarins og laðar að nýja íbúa um leið og blómstrandi menning gerir bæinn eftirsóknarverðan áfangastað til heimsókna af innlendum jafnt sem erlendum gestum.



VIRÐING



ELDMÓÐUR



FRAMSÆKNI





Að nýta tækifærin sem bjóðast, með frjórri samvinnu, þar sem virðing er í hávegum höfð

Lyklar að árangri



Að vinna saman og efla mannauðinn

Menningarstofnanir bæjarins hafa nýja stefnu Reykjanesbæjar að leiðarljósi sem samþykkt var í lok árs 2019. Þar er mótuð framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið með gildum sem viðmið fyrir alla starfsemi bæjarins. Breytingar á skipulagi stjórnsýslunnar í Reykjanesbæ leiddu til þess að Súlan verkefnastofa var sett á laggirnar með áherslu á menningar- og atvinnulíf Reykjanesbæjar. Með tilkomu Súlnnar voru ýmsar deildir sameinaðar undir einum hatti með það að markmiði að auka kraftinn í starfinu með aukinni samvinnu og samstarfi þvert á deildir og stofnanir. Undir Súluna heyrta menningarfulltrúi, Hljómahöll, Rokksafn Íslands, Bókasafn Reykjanesbæjar, Byggðasafn Reykjanesbæjar, Listasafn Reykjanesbæjar og atvinnu-, ferða- og markaðsmál. Mikilvægt er að halda áfram að efla þessa samvinnu.

Að virkja samfélagið og nýta tækifærin

Samvinna og stuðningur er mikilvægt hlutverk Súlnnar verkefnastofu til styrkja einstaklinga, félög, fyrirtæki og aðrar stofnanir sem vinna að eflingu menningar í Reykjanesbæ. Að grípa tækifærin sem bjóðast með frjórri samvinnu þar sem **virðing** er í hávegum höfð. Leggja skal áherslu á gott samstarf við menntastofnanir sveitarfélagsins. Mikilvægt er að virkja kraftinn sem þar býr og hvetja þær til að taka þátt í öflugu menningarstarfi Súlnnar. Aukin áhersla verði lögð á að styðja við menningartengd verkefni hópa og einstaklinga með úthlutunum úr menningarsjóði. Nauðsynlegt er að efla menningarsjóð í takt við fjölgun íbúa og aukinni þátttöku þeirra í menningarlífinu. Áfram verði veitt árleg menningarverðlaun til einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja fyrir framlag þeirra til menningarlífs bæjarins.

Að sækja á ný mið

Nauðsynlegt er að skapa menningarstofnunum góðan vettvang og aðstöðu til að menningarlífið nái að blómstra. Aðstaða menningarstofnana verði bætt með markvissum hætti í samræmi við framtíðarstefnu um húsnæði og aðra aðstöðu fyrir öflugra starfsemi. Stofnanir nýti til fulls þá aðstöðu sem þegar er til staðar og leggi fram skapandi tillögur að þróun menningarsvæða og menningarhúsa í samstarfi við aðrar deildir og svið bæjarins. Mikilvægt er að svigrúm eigi sér stað fyrir framtíðarþróun í samræmi við stækkandi samfélag og útvíkkun í menningarmálum. Fullt samráð sé haft við stofnanir Súlunnar varðandi breytingar og framtíðarskipulag menningarhúsa, svæða og menningarmála almennt. Menningarstofnanir haldi áfram af **eldmóði** að sækja fjárhagsstyrki og auka samstarf við bæði innlenda og erlenda aðila.

Að byggja á sérstöðu

Í gegnum tíðina hefur Reykjanesbær notið þeirrar sérstöðu að vera hlið landsins. Það hefur leitt af sér aukin atvinnutækifæri og laðað að sér fjölbreyttan mannauð sem hefur mótað menningarlíf bæjarins. Áfram verður byggt á þessari sérstöðu með litríku og framsæknu lista- og menningarlífi með áhugaverðum tónleikum, sýningum og viðburðum. Menningarstofnanir sækji fram á við og haldi áfram að vera öflugur hluti af menningarlífi landsmanna með stöðugri framþróun í tækni sem nýta má til fjölbreyttrar miðlunar svo að fleiri fái notið. Stutt verði við viðburði sem hafa skipað sér verðugan sess meðal heimamanna og gesta þeirra. Sérstaklega verði gætt að því að efla og styrkja viðburði og starfsemi sem tengjast fjölmenningu.


Að vekja athygli

Mikilvægt er að sinna því verkefni af natni að koma á framfæri og kynna öflugt menningarlíf bæjarins, bæði á meðal íbúa og innlendra og erlendra gesta. Markaðs- og kynningarmál fái aukið vægi. Sterk samstaða og samvinna menningarstofnana ásamt öflugri markaðssetningu eykur eftirspurn og gefur jákvæða og aðlaðandi ímynd af eftirsóttu mannlífi bæjarins. Samtímis eykur vaxandi áhugi og aðsókn mikilvægar tekjur menningarstofnana og eflir enn frekar starfsemina og fjölbreytileika í atvinnulífi bæjarins.



Menningarlíf í Reykjanesbæ; þar sem ferskir og fjölbreyttir straumar mætast

Menning er lifandi
afl sem nær til allra
þátta mannlífsins



Njótum einstakrar náttúru

Menning er órofa hluti af náttúrunni og stofnanir Súlunnar bera virðingu fyrir umhverfinu með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Löggð er áhersla á að nærumhverfi menningarstofnana verði bæði aðlaðandi og grænt og geri heimsókn gesta áhugaverðari. Þá skal styðja enn frekar við uppbyggingu á menningartengdum möguleikum í útivist og gera sögu og menningu góð skil á svæðum þar sem fólk vill stunda útivist. Hugað verði sérstaklega að útilistaverkum og þeim fjölgað á viðeigandi stöðum í sveitarfélaginu. Frekara átak verði gert í merkingu sögustaða og gönguleiða um svæði sem geyma fótspor horfinna kynslóða. Unnið verði að frekari uppbyggingu á Skessuhelli en umhverfi hans vefur saman náttúru, þjóðsögur og menningu á einkar áhugaverðan og skemmtilegan hátt og markar bænum sérstöðu. Áfram verði unnið að sýningartengdu samstarfi Reykjanes UNESCO Global Geopark og Duus Safnahúsa og sá þáttur efdur.

Mikill fjölbreytileiki skapar Reykjanesebæ jákvæða sérstöðu



Stuðlum að bættri vellíðan

Reykjanesebær leggur áherslu á aukin lífsgæði bæjarbúa og jöfn tækifæri til að njóta heilbrigðs lífs og hamingju. Menningarlíf hefur áhrif á vellíðan og því er mikilvægt að áhersla sé lögð á gott aðgengi og þátttöku íbúa í menningarviðburðum bæjarins. Markviss uppbygging menningarstofnana í fjölgandi samfélagi stuðlar að bættri þjónustu fyrir alla. Þekking á sögu og uppruna er mikilvæg, listir veita fólki lífsfyllingu og lestur er mikilvægt lýðheilsuáttak. Virk þátttaka íbúa í viðburðahaldi og menningarlífi ýtir undir samheldni og stolt bæjarbúa. Uppbygging menningarsvæða hvetur til útivistar og gefur útiverunni aukið gildi, hvort sem um er að ræða falleg og aðlaðandi svæði nálægt menningarhúsum, útilistaverk eða fróðleik um rætur byggðar.

Virkjum kraftinn í fjölbreytileikanum

Mikill fjölbreytileiki skapar Reykjanesebæ ákveðna og jákvæða sérstöðu. Fátt tengir betur saman íbúa bæjarins en öflugt menningarlíf, hvort sem það er á sviði tónlistar, leiklistar, sjónlista, sögu og hefða eða bókmennta. Mikilvægt er að sveitarfélagið og menningarstofnanir hvetji íbúa og gesti sveitarfélagsins til virkrar þátttöku í menningarlífinu þar sem fjölbreytileikanum er fagnað og allar raddir eru velkomnar. Ekki síður er mikilvægt að efla þátttöku þeirra fjölmörgu íbúa sem eru af erlendum uppruna. Þannig tengjast allir bæjarbúar betur og auka um leið lífsgæðin.



Eflum atvinnulífið

Skapandi greinar fela í sér ótal tækifæri til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Sterkt og fjölbreytt menningarstarf er grundvöllurinn að auknum vexti skapandi greina um leið og sveitarfélagið verður eftirsóttara til búsetu í krafti öflugs menningarlífs. Aukið bolmagn þarf til að styðja við frumkvöðlastarf og nýsköpun í menningarmálum. Jafnframt er brýnt að fjölga stöðugildum sérmenntaðra starfsmanna menningarstofnana til að styrkja starfseminna. Þá þarf ekki síst að leggja áherslu á að gera menningarstofnunum kleift að koma af krafti inn í menningartengda ferðaþjónustu og efla þann þátt atvinnulífsins. Reykjanesebær er í kjörstöðu til að efla atvinnu í tengslum við fjölgun ferðamanna og þar gegna menningarstofnanir lykilhlutverki í þeirri viðleitni að laða ferðafólk að bænum. Mikilvægt er að efla hátíðir og viðburði á vegum menningarstofnana sem hafa margvísleg jákvæð áhrif á atvinnulíf bæjarins.



Auðgum hugarheim barna

Hugum að framtíðinni sem býr í nýjum kynslóðum. Í öllu menningarstarfi í Reykjanesbæ er menningarlegt uppeldi barna og ungmenna í forgrunni og áhersla lögð á að styðja starf félaga og einstaklinga sem vinna að því. Mikilvægt er að yta undir frumlega hugsun og sköpun barna og ungmenna með fjölbreyttri fræðslu og miðlun, fyrir þau og með þeim. Áfram verði lögð áhersla á að tryggja jafnt aðgengi barna að menningarlífi bæjarins. Í menningarstofnunum bæjarins er áhersla lögð á safnfræðslu með skólaheimsóknum, vinnustofum, námskeiðum auk menningartengd verkefni fyrir börn og ungmenni. Þá verði lögð áhersla á skapandi og traustar tengingar við aðrar stofnanir, félög og starfsemi þar sem menningarlegu uppeldi er sinnt.



Aukum lífsgæðin með bættri þjónustu

Menningarhús Reykjanesbæjar veitir skilvirka þjónustu til íbúa og gesta með skýrum og auðlesnum vefsíðum. Starfsfólk eru kvik og fljót að bregðast við breyttum þörfum í vaxandi og fjölbreyttu samfélagi. Menningarstofnanir miðli fljótt og vel nauðsynlegum upplýsingum og leitist við að fylgja eftir ábendingum gesta með reglulegum þjónustu- og viðhorfskönnunum. Veigamikill þáttur í starfi menningarstofnana er að varðveita og miðla menningararfi sveitarfélagsins. Með samþættingu á þjónustu og samvinnu menningarhúsanna eru gestum boðið upp á einfaldari upplýsingagjöf. Stefnt er að því að þróa betra aðgengi að markvissu kynningarefni og auka þar með sýnileika menningarstarfsins þar sem menningarstofnanir nýta sér sama upplýsingavettvang.



Í menningarstarfi Reykjanesbæjar er menningarlegt uppeldi barna og ungmenna í forgrunni



Í okkar björtu framtíðarsýn er menningarstarfsemi Reykjanesbæjar þekkt vörumerki sem aðrir líta upp til og taka sér til fyrirmyndar



Okkar bjarta framtíðarsýn

Þriðji staðurinn

Myndarlegar menningarstofnanir skipaðar framúrskarandi starfsfólki vekja verðskuldaða athygli út á við. Í okkar björtu framtíðarsýn eru menningarhús og menningarlíf bæjarins orðin þekkt vörumerki sem aðrir líta upp til og taka sér til fyrirmyndar. Menningarhúsin eru eftirsóttir og gefandi áfangastaðir fyrir alla og eru þriðji staðurinn á eftir heimili og skóla/vinnustað. Þar er tekið á móti öllum með metnaðarfullrar menningarstarfsemi og framúrskarandi aðstöðu sem þjónustar alla sem til menningarstofnana leita.

Fyrirmyndar menningarhús

Metnaðarfullt starf sem nýtur hylli bæjarbúa og gesta byggir á traustum grunni. Sá grunnur er húsnæði, aðstaða og ekki síst vel menntað og hæft starfsfólk. Í okkar björtu framtíðarsýn eru til staðar myndarleg menningarhús sem fullnægja þörfinni fyrir enn betri sýningar, þjónustu, viðburði og hvers kyns menningarstarf sem auðgar mannlíf bæjarins og skapar bænum jákvæða mynd. Menningarhús sem eru framúrskarandi vinnustaður með góðri aðstöðu fyrir starfsfólk gera menningarstofnanir bæjarins að eftirsóttum vinnustað.

Uppbygging í krafti sjálfbærni

Menningarstofnanir eru skapandi afl bæði í menningarlegu og fjárhagslegu tilliti. Í okkar björtu framtíðarsýn eru menningarhúsin sjálfbærar stofnanir með auknum fjölda gesta og tekjum sem þeim fylgja. Utanaðkomandi styrkir eru ekki lengur undirstaða starfseminnar en nýttast í sértæk og spennandi nýsköpunarverkefni og frekari uppbyggingu.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

Menningarstefna Reykjaneshæjar 2020 - 2025
©Súlan Verkefnastofa 2020
Duus götu 5, 230 Reykjaneshær